

Fundargerð

15. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 14. september 2021, á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Fjóla Signý Hannesdóttir, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, Björg Ágústsdóttir, Björgvin Víkingsson, ~~Kristín Birna Ólafsdóttir Johnson~~, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og ~~Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri~~.

Formaður setti fund klukkan 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerðir frá fundum 12. – 14. Voru samþykktar. Engin rafræn erindi á milli funda utan sameiginlegs yfirllestur á fréttæfni.

2. 75 ára afmælisár FRÍ 2021

Varaformaður gerir grein fyrir samtölum við fjölmiðla og hugmyndum um viðburði. Meðstjórnandi gerð grein fyrir sænskum hugmyndum.

3. SIGS verkefnið

Varaformaður gerir grein fyrir úttekt á innra og ytra starfi sem evrópskra frjálsíþróttasambandið stendur fyrir. Niðurstaðan er að margir stjórnsýsluþættir eru vel á veg komnir og í góðum farvegi, en aðrir síður. Margt ræðst af smæð sérsambandsins og að umfangið er í minna mæli ef borið er saman við Evrópustarf eða á heimsvísu.

4. Þjóðarleikvangur

Formaður gerði grein fyrir störfum starfshópsins. Er á lokastigi og stefnt að því að ljúka vinnunni og kynna hana fyrir alþjóð fyrir lok september. Skýrslan er í yfirllestri.

5. Önnur mál

a. Nefndarstörf. Verkefnastjóri gerir grein fyrir nefndarstörfum. Umræður um breytingar m.t.t. þess starfs er unnið í nefndunum.

b. Vígsla kastbúrs í Kaplakrika. Sagt frá. Stjórn lýsir ánægju.

c. Þórshöfn. Sagt frá kastbraut. Stjórn lýsir ánægju.

d. Stjórnin minnir á, sbr. útsendar upplýsingar FRÍ, að starfssvið samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs nær til allrar skipulagðrar starfsemi íþróttá og æskulýðssamtaka. Það þýðir að allir sem sækja skipulagðar æfingar eða félagsstarf á landinu geta leitað til samskiptaráðgjafa varðandi einelti eða ofbeldi sem þeir telja sig hafa orðið fyrir í sínu íþróttá- eða æskulýðsstarfi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:12 með því að fundarmenn sungu þjóðsöng Svíþjóðar.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.